



LANDSPINGSBOÐ

49. landsþing JCI

Reykjanesbæ 24.-26. september 2010



Landsþingsboð

Landsstjórn JCI Íslands boðar hér með til 49. landsþings samkvæmt 6.grein laga. Þingið verður haldið í Reykjanesbæ dagana 24.-26. september 2010

Gestgjafar á þessu þingi er nefnd á vegum JCI Íslands skipuð félögum og senatorum úr JCI Esju, Reykjavík og Lind

Fyrir hönd landstjórnar JCI Íslands
Reykjavík 3.september 2010

Tryggvi Freyr Elínarson
Landsritari 2010

Efnisyfirlit

Dagskrá landsþings	bls 3
Dagskrá þingfunda.....	bls 4
Skýrsla landstjórnar og embættismanna	bls 5
Styrktaraðilar	bls 5
Samstarf og tengsl á alþjóðavettvangi	bls 6
Fjármál	bls 6
Hellusundið	bls 6
Nordic Academy 2010 á Íslandi	bls 6
Fimmtudagsfræðslan	bls 7
Menningarnótt	bls 7
Námskeið og sala þjónustu	bls 7
Landsþing	bls 7
Skýrsla Framfarasjóðs	bls 8
Lagabreytingar	bls 9
Lög JCI Íslands	bls13
Landsþingsfundargerð 48 landsþings.....	bls17

Framkvæmdastjórn JCI Íslands 2010 skipa: Árni Árnason landsforseti, Tryggvi Freyr Elínarson landsritari, Jóhann Pétur Guðvarðarson landsgjaldkeri, Arna Björk Gunnarsdóttir varalandsforseti, Þorsteinn G. Jónsson varalandsforseti, Kristín Guðmundsdóttir forseti JCI Esju, Einar Jóhannesson forseti JCI Lindar og Ragnar F. Valsson formaður JCI Reykjavíkur.

Embættismenn JCI Íslands 2010 eru: Birgit Raschhofer formaður landsþingsnefndar, Lára B. Pétursdóttir formaður afmælishófsnefndar, Guðlaug Birna Björnsdóttir umsjónarmaður Fimmtudagsfræðslu, Kjartan Hansson formaður framfarasjóðs, Gísli Elís Úlfarsson lögsögumaður. Hulda Sigfúsdóttir formaður menningarnæturnefndar. Loftur Már Sigurðsson fráfarandi landsforseti og formaður verðlaunadómstóls, Svala Stefánsdóttir húsfundastjóri.

Dagskrá 49. landsþings JCI Íslands 2010

Föstudagurinn 24.september

- Kl:10:00-18:00 Skráning
- Kl:11:00-12:30 Fyrsti þingfundur og setning þingsins
- Kl:13:00-13:30 Annar þingfundur og frambjóðendakynning
- Kl:13:30-15:30 Þriðji þingfundur
- Kl:16:00-19:00 Námskeið
- Kl:19:00-19:30 BNE
- Kl:20:30-??:?? Kvöldverður og þemakvöld

Laugardagurinn 25.september

- Kl: 08:00-10:00 Morgunverður
- Kl: 10:00-12:30 Námskeið
- Kl: 12:30-13:30 Hádegisverður
- Kl: 13:30-14:30 Þriðji þingfundur(ef þarf)
- Kl: 14:30-16:30 Námskeið
- Kl: 13:30-17:00 Senatora og makadagskrá
- Kl: 19:00-02:00 50. ára afmælishóf JCI Íslands
- Kl: 02:00-???? Náttfatapartý á Gistiheimili Keflavíkur

Sunnudagurinn 26.sept 2010

- Kl: 08:00-10:00 Morgunverður
- Kl: 10:30-12:30 Námskeið
- Kl: 12:30-13:30 Hádegisverður og þingslit

Dagskrá þingfunda 49.landsþings JCI Íslands skv lögum.

1. Þingfundur

1. Ávarp landsforseta , þingsetning
2. Lögð fram kjörbréf og fulltrúar kynntir
3. Staðfest skipan tveggja þingforseta , tveggja þingritara og tveggja atkvæðateljara
4. Staðfest lögmæti þingboðs og þings
5. Umræður um áfangaskýrslur landsstjórnarmanna og umsjónarmanna
6. Áfangaskýrslur aðildarféлага, umræður
7. Lagabreytingar

2. Þingfundur

8. Kosning landsforseta
9. Kosning landsritara, gjaldkera og varalandsforseta
10. Kosning viðtakandi landsforseta

3. Þingfundur

11. Ákvörðun um félagsgjald til JCI Íslands
12. Tilnefningar til starfa á vegum landsstjórnar
13. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara
14. Framfarasjóður
15. Kosning í stjórn framfarasjóðs
16. Stefnumótun /langtímaáætlun
17. Ákvörðun um næsta þing
18. Önnur mál
19. Afhending viðurkenninga (fer fram á lokahófi)
20. Staðfestin á kjöri næstu landsstjórnar (fer fram á lokahófi)
21. Þingslit (fer fram á lokahófi)

Skýrsla landsstjórnar og nefnda á vegum JCI Íslands til 49. landsþings

Árið 2010 er stórt ár í sögu JCI Íslands, 50 ára afmæli er stór áfangi fyrir sí unga hreyfingu. Í upphafi árs lögðum við upp með nokkrar nýjar áherslur og hafa sumar þeirra gengið vel eftir. Verða þær tíundaðar betur hér að neðan. Framsetning á skýrslum landsstjórnar og embættismanna er nokkuð breytt frá fyrri þingboðum, lögð er fram ein heildar skýrsla unnin í sameiningu eins og einkennt hefur starfið í ár.

Aðaláhersla ársins var stuðningur við aðildarfélögin. JCI Lind óskaði sérstaklega eftir aðstoð þar sem ungir félagar höfðu þar tekið við og var þó nokkur vinna lögð í stuðning við þau. Hin tvö aðildarfélögin hafa yfir reyndum félögum að ráða og því ekki þurft að leita til landsstjórnar.

50 ára afmæli hreyfingarinnar hefur verið fyrirferðar mikið og nær hármarki á landsþingi með afmælishófi. Til að auglýsa upp afmælishófið stóðum við fyrir ræðukeppni í vor þar sem dregnar voru fram kempur í tveim liðum, Reykjavíkur-úrval(öll félög) gegn Landsliðinu(utan Reykjavíkur) og fundarstjóri var 1. Varaforseti Alþingis Ragnheiður Ríkharðsdóttir, en sama kvöld fór einnig fram keppni þar sem eldri félagar skorðu á unga og virka féлага í keppni. Kvöldið tókst gríðarlega vel en markmið kvöldsins var að kveikja áhugann fyrir afmælishófið, þó tækifærið hafi líka verið nýtt til að heiðra nýjan Senator. Nú er að hefjast auglýsingarherferð fyrir hófið sem afmælishófsnefndin stendur fyrir og mun nafn okkar því komast inni umræðuna og vonandi vekur herferðin eftirtekt. Landsþingið okkar í ár er sett upp sem venjubundið þing en með afmælishófinu erum við að slá tvær flugur í einu höggi og sést það vel á frábærri þátttöku erlendra gesta sem enn er að bætast í því fjölmargir gera sér sérferð til að heiðra okkur að þessu sinni og verður spennandi að sjá svona alþjóðlegan blæ á landsþingi. Við höfum lagt mikla vinnu í að fá eldri féлага til samstarfs við okkur í tengslum við afmælið. Í fyrstu voru hugmyndi um að gefa út afmælisblað en mjög skiptar skoðanir voru á þeirri hugmynd og kom í ljós að fjármögnun á slíku blaði eftir þeim leiðum sem vanalega hafa verið farnar eru ekki færar, hreyfingin hefur ekki þær tengingar úti atvinnulífið sem þörf er á.

Styrktaraðilar

Við höfum lagt upp með að tryggja öflugna samstarfsaðila við hreyfinguna, ekki bara sem fjárhagslegan stuðning heldur miklu fremur sem samstarfsaðila. Við vorum komin með vilyrði fyrir samstarfi við Vodafone en ekki var hægt að ljúka því þar sem félagatöl vantaði frá nokkrum aðildarfélögum. Vodafone átti þá að leggja fram nettengingu í húsið sem hægt væri að nota á vinnufundum(ekki fyrir niðurhal) ásamt einhverjum fjárstuðningi.

Við höfum skrifað undir samstarfssamning við N1, allir viðskiptavinir þeirra með viðskiptakort geta nú styrkt JCI um 1 krónu af hverjum bensínlítra með því að gefa upp hópnumerið 345. Verður þessi samningur kynntur vel á landsþinginu öllu.

Fleiri hugmyndir eru í vinnslu um samstarfsaðila, fjárhagslega sem á öðrum sviðum og miða þær hugmyndir allar að því að styrkja starf okkar og um leið sýna það besta sem höfum fram að færa.

Samstarf og tengsl á alþjóðavettvangi

Alþjóðlega samstarfið sem er einn lykilþátta í starfi hreyfingarinnar hefur verið öflugt á árinu, við tókum á móti Roland Kwemain heimsforseta í febrúar og sýndum honum starfið okkar ásamt því að funda með mögulegum samstarfsaðilum, HR og Innovit auk funda innan hreyfingarinnar með stjórnnum aðildarfélaganna, hinu íslenska Senati og á opnum fundi.

Í vor tókum við á móti Varaheimsforseta okkar, Thomas Meuli frá Sviss, og ásamt venjubundinni dagskrá. Thomas var viðstaddur afhendingu gulleggssins sem Innovit veitir sigurvegararkeppninnar voru fyrirtækið Remake, nutu aðstoðar Thomasar við að fá tengiliði í Þýskalandi í gegnum JCI féлага þar. Frábær árangur og sýnir að tengslanet JCI-félaga er gríðarlega sterkt og liggur þvert á landamæri.

Við höfum einnig átt okkar fulltrúa á erlendum viðburðum en Árni landsforseti fór bæði á Evrópuforsetafund í Riga í Lettlandi og Evrópuþing í Árósum í Danmörku. Aðalmarkmið þessara ferða var að kynna á afmælislandsþing og Nordic Academy, þessi vinna er að skila sér vel sérstaklega á landsþingið því þar verður mikill fjöldi erlendra gesta.

Fjármál

Fjármál hreyfingarinnar standa prýðilega, búið er að greiða allar útistandandi skuldir. Helstu tekjur hreyfingarinnar eru félagsgjöldin en jafnframt eru nokkrar tekjur að koma inn með húsaleigu og fundaþjónustu við önnur félög. Engin námskeiðs sala hefur verið á árinu en landsstjórn er með áform um að bæta við tekjur sínar með námskeiðssölu á haustdögum. Það er ljóst að meðan fjárhagurinn er ekki umfangsmeiri en raun ber vitni er nauðsynlegt að öll verkefni sem unnin eru standi undir sér.

Hellusundið

Það hefur gengið ágætlega að halda Hellusundinu snyrtilegu. Öll aðildarfélögin tóku 1.árs leigu-samning við JCI Ísland, það fyrirkomulag hefur gengið prýðilega en þó hefur komið fyrir að árekstrar hafa orðið í húsinu og er nauðsynlegt að aðildarfélögin kanni hvort húsið er laust þar sem JCI Ísland hefur verið að leigja aðstöðu sína óviðkomandi aðilum til fjáröflunar fyrir hreyfinguna og eru slíkir árekstrar óþægilegir og með öllu óþarfir. Þegar þetta er skrifað hefur verið unnið við að taka til á háalofiti og í kjallara hússins.

Nordic Academy 2010 á Íslandi

Nordic Academy var haldin hér á Íslandi dagana 19-21 ágúst. Námskeiðið hefur verið haldið frá árinu 2000 og er ætlað JCI félögum sem eru á leið í landsstjórn og eða alþjóðleg framboð. Þetta námskeið hefur róterað á milli landanna í Nordic fjölskyldunni og var nú haldið í annað sinn á Íslandi. Vegna dræmrar þátttöku var ákveðið að skera umgjörðina niður og leggja áherslu á að skapa góða og þétta stemmningu og bjóða þátttakendum uppá góðan viðurgjörning að íslenskum sið. Alls voru 11 þátttakendur og tveir leiðbeinendur. Dreifing þátttakenda var sem hér segir Danmörk 5, Ísland 2, Finnland 2, Eistland 1 og Svíþjóð 1. Leiðbeinendurnir voru Hans-Henrik Queseth frá Danmörku og Timo Wallenius frá Finnlandi. Endurgjöfin frá þátttakendum og leiðbeinendum var mjög jákvæð, námskeiðið sem hefur verið í þróun undanfarin ár er orðið mjög þétt og miðað að því að uppfylla þær kröfur sem til þess eru gerðar. Það má segja að fyrir erlendu þátttakendurna hafi hápunktarnir verið tveir, annar var sá að Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands kom inná Akademiuna sem „aðstoðar leiðbeinandi“ og sá síðari var þátttaka á menningarnótt í Reykjavík, en útskrift af Akademiunni fór fram í Hellusundi að viðstöddu fjölmenni. Akademían mun skilja eftir um 100.000 í hagnaði hjá JCI Íslandi og er sá hagnaður eingöngu fengin vegna óeigingjarnrar vinnu þeirra sem að akademíunni komu landsstjórn vill þakka Huldu Sigfúsdóttur, Birgit Raschhofer, Karli Einarssyni, Viktori Ómarssyni og Ingólfi Má Ingólfssyni, fjölskyldum landsstjórnarmanna og vinum þeirra framlag.

Menningarnótt

JCI á Íslandi og aðildarfélögin stóðu að dagskrá á menningarnótt nú í áttunda skiptið. Fjölbreytt dagskrá var í boði má þar nefn hlaup skrifstofumannsins, útskrift af Nordic Academy og fjölbreytta daskrá hljómsveita á borð við Bermuda, þrjár raddir og Beatur, TNT, Dalton og Sturla. Dagskráin stóð í sjö og hálf klukkustund. Ætla má að um 1000-1500 manns hafi farið um Hellusundið á meðan dagskrá JCI Íslands stóð. Kynningargildi menningarnætur hefur ekki verið mikið í gegnum tíðina og fáir nýjir félagar komið í tengslum við hana þó er alltaf eitthvað um að fólk spyrjist fyrir og fái bæklinga. Vera má að ástæða sé til þess að endurskoða þátttöku JCI Íslands í Menningarnótt nema að nýir félagar séu að læra og öðlast reynslu í framkvæmd verkefna. Landsstjórn þakkar Huldu Sigfúsdóttur senator úr JCI Reykjavík utanumhald og styrk við dagskrána. Þeir félagar sem lögðu hönd á plóg voru Birgit Raschhofer, Viktor Ómarsson, Aðalbjörg Katrín Arnórsdóttir og Björn H. Björnsson

Fimmtudagsfræðslan

Á þeim tímamótum sem 50 ára afmæli JCI á Íslandi er var ákveðið að lögð yrði sérstök áhersla á það sem hefur verið sverð og skjöldur JCI Íslands frá upphafi, námskeið og fræðslu. Þetta verkefni fékk nafnið Fimmtudagsfræðslan. Fyrsta fimmtudagsfræðslan var í upphafi árs og var það Gísli Blöndal senator úr JCI Reykjavík sem reið á vaðið með **Hver tók ostinn minn**. Hugmyndin var að fá „gamla“ og nýja féлага til að koma inn með námskeið og fræðslu, reyndin hefur verið sú að það eru nýju félagarnir sem hafa verið tilbúnari að koma með innlegg í Fimmtudagsfræðsluna. Tveir utanaðkomandi aðilar hafa komið með innlegg þau Daði Ingólfsson frá Spretti og Rúna Magnúsdóttir frá Connecting Women og viljum við færa þeim bestu þakki. Fimmtudagsfræðslan hefur mælst vel fyrir og þátttaka verið góð. Því hefur verið lagt upp með mjög metnaðarfulla dagskrá fyrir haustið.

Námskeið og sala þjónustu

Námskeiðahald JCI Íslands hefur verið í lágmarki það sem af er árinu en aðildarfélögin hafa staðið sig vel í því tilliti. Landsstjórnarmenn aðstoðuðu JCI Lind við námskeið fyrir félagi í þverpólitísku samtökunum Ísafold, námskeiðið tókst í alla staði vel og voru nokkrir Ísafoldarfélagar sem gengu til liðs við JCI Lind í kjölfarið. JCI félagar tóku jafnframt að sér að rita og stýra fundum fyrir fyrirtækið Eignaumsjón, húsfélög og félagasamtök. Eru þessi verkefni góð fjáröflun bæði fyrir hreyfinguna og félagana en nauðsynlegt er að þjálfa upp fleira fólk í þessi verkefni svo hreyfingin standi undir eftirspurn.

Landsþing

Landsþingsnefnd hefur starfað frá því fyrir landsþing 2009 en starf nefndarinnar hófst að segja má ekki fyrr en í byrjun 2010. Ákveðið var á landsþingi 2009 að landsstjórn skyldi sjá um landsþingið 2010 sem er jafnframt fimmtugasta starfsár hreyfingarinnar og því er verið að halda uppá 50 ára afmæli á sama tíma.

Nefndin hefur fundað formlega 10 sinnum en óteljandi samskipti og fundir hafa verið með aðstoð tækninnar; síma, Facebook, tölvupósts og heimasíðu. Nefndarmenn eru: Aðalbjörg Katrín Arnórsdóttir (JCI Lind), Birgit Raschhofer (JCI Esja, formaður), Guðlaug Birna Björnsdóttir (JCI Esja) og Hulda Sigfúsdóttir (JCI Reykjavík) en geta má þess jafnframt að jafnhliða okkur er sjö manna afmælisnefnd að störfum sem sér alfarið um undirbúning afmælishófsins á laugardagskvöldi landsþings þannig að í ár verður ekki venjulegt gala kvöld – heldur 50 ára afmælishóf.

Þema landsþings er „In The Navy“ en þingið fer að öllu leyti fram (utan afmælishófs) á gamla Keflavíkurlflugvallarsvæðinu. Þingfundir fara fram í húsnaði Kadeco / Ásbrú og verða í fyrrum aðalskrifstofum US Air Force og US Navy!

Margir góðir aðilar eru að leggja nefndinni lið en það er óhætt að nefna sérstaklega Kadeco – Ásbrú og Háskólavalla.

Skýrsla stjórnar Framfarasjóðs

Stjórn sjóðsins hefur fundað tvisvar sinnum á árinu, en verið þar fyrir utan í töluverðu sambandi með aðstoð tölvupóstar.

Fámenni hefur hrjád sjóðsstjórnina þar sem þrír meðlimir dattu út á árinu: Ragnar F. Valsson JCI Reykjavík, Tómas Hafliðason JCI Esju og Guðlaug Birna Björnsdóttir JCI Esja. Á fyrsta FS fundi ársins var Anna María Bjarnadóttir JCI Reykjavík kosin í stað Ragnars F. Valssonar en önnur nýliðun hefur ekki átt sér stað. Auk hennar eru í sjóðsstjórninni Kjartan Hansson JCI Esju sem var kosinn formaður sjóðsins á fundi stjórnarinnar í júlí sl. og svo Jóhann Pétur Guðvarðarson fyrir hönd landsstjórnar.

Breytt var um ávöxtunarleið í júlí sl. og peningurinn færður úr fyrri ávöxtun sem gaf 3,3% vexti yfir í Stefni ríkisvixlasjóð hjá Arion banka sem gefur 5 % ávöxtun. Staða sjóðsins er 4.325.969 kr. (m.v. 12.07.2010), uppreiknaður höfuðstóll er kr. 5.988.486 og því er staðan neikvæð um 1.662.517 kr. Ástæðuna má rekja til fjármálahrunsins sem fór illa með ávöxtun sjóðsins. Eftir hrunið var sjóðurinn færður yfir á venjulegan sparisjóðsreikning sem gaf eins og áður sagði 3,3% ávöxtun.

Í ljósi þess hve mikið vantar upp á að hægt sé að úthluta úr sjóðnum og hversu langan tíma það mun taka að vinna upp tapið miðað við núverandi ávöxtun vill sjóðsstjórnin leggja til að höfuðstóllinn verði lækkaður niður í 4.000.000 kr.

Engin umsókn hefur borist sjóðnum það sem af er árinu enda hefur ekkert verið til ráðstöfunar.

Verði samþykkt að lækka höfuðstóllinn svo hægt sé að veita styrki úr sjóðnum þá hefur sjóðurinn eftirfarandi að leiðarljósi:

Sjóðurinn leggur áherslu á vandaðar umsóknir því það er fín þjálfun fólgin í því að sækja um styrk til verkefna. Með vandaðri umsókn skal fylgja með fjárhags- og framkvæmdaáætlun og er æskilegt að verkefnið sé til þess fallið að vera landshreyfingunni og aðildarfélagunum til framdráttar. Stjórnin hvetur félagsmenn til góðra verka og vonast til að geta tekið þátt í sem flestum vænlegum verkefnum á komandi árum.

F.h. Framfarasjóðs 2010

Anna María Bjarnadóttir, meðstjórnandi.

Lagabreytingar

Fyrst kemur lagagreinin eins og hún er í dag og svo greinin í heild með breytingu, þar sem breytingin er feitletruð.

15. gr. óbreytt

Landsstjórn fyrir komandi starfsár er kosin á sérstökum dagskrárlið á landsþingi ár hvert. Í landsstjórn skulu sitja landsforseti, 2-4 varalandsforsetar, landsritari og landsgjaldkeri. Stjórnarskipti fara fram um áramót. Kjörinn landsforseti situr landsstjórnarfundi án atkvæða réttar fram til stjórnarskipta. Á landsþingi skal kjósa í embætti viðtakandi landsforseta. Viðtakandi landsforseti situr landsstjórnarfundi en hefur ekki atkvæðarétt.

Breytt 15.gr.

Landsstjórn fyrir komandi starfsár er kosin á sérstökum dagskrárlið á landsþingi ár hvert. Í landsstjórn skulu sitja landsforseti, **0-4 varalandsforsetar**, landsritari og landsgjaldkeri. Stjórnarskipti fara fram um áramót. Kjörinn landsforseti situr landsstjórnarfundi án atkvæða réttar fram til stjórnarskipta. Á landsþingi skal kjósa í embætti viðtakandi landsforseta **hafi borist framboð**. Viðtakandi landsforseti situr landsstjórnarfundi en hefur ekki atkvæðarétt.

Rökstuðningur:

Lagabreyting þessi kemur með reynslu árána 2007-2009 að leiðarljósi. Fyrri breytingin kemur til söku þess að til að fullmanna landsstjórn lögum samkvæmt hefur reynst þörf á að sækja frekar nýja félagsmenn úr aðildarfélagunum í landsstjórnarembætti. Reynslan hefur sýnt að þetta hafa verið félagsmenn sem varla hafa haft tækifæri til að sinna stjórnarstörfum í eigin aðildarfélagi og hafa því litla reynslu af þeim vettvangi upp í landsstjórn. Auk þess hafa þetta verið félagar sem best hefðu verið nýttir til starfa í eigin aðildarfélagum, og félögin hafa veikst mjög fyrir vikið.

Uppskeran hefur verið fátæklegar aðildarfélagisstjórnir og skortur á markvissu starfi þar.

Tillagan hefur það að leiðarljósi að hægt sé að skala stærð landsstjórnar eftir þörfum - frá 3ja manna stjórn séu félögin lítil, uppí 7 manna stjórn vaxi hreyfingunni fiskur um hrygg.

Seinni breytingin er til að skýra þennan hluta lagagreinarinnar sem varðar viðtakandi landsforseta. Álitamál hefur verið hvort skylt sé að kjósa viðtakandi forseta, eða hvort það miðist við að frambjóðandi sé til embættisins. Algengasta túlkun hefur verið sú að það sé ekki skylda, sé ekki frambjóðandi. Ströng túlkun greinarinnar ber með sér að það sé skylda. Viðtakandi landsforseti þarf að taka á sig mikil ferðalög og ferðakostnað, því er fyrirsjáanlegt að einhver ár muni enginn frambjóðandi vera. Þessi breyting gerir því kleift að kjósa landsstjórn án viðtakandi og slíta þannig landsfundi með lögsmætum hætti.

Flutningsmaður tillögu:

Helgi Guðmundsson, JCI Reykjavík

Stuðningsmaður tillögu:

Ragnar F. Valsson, JCI Reykjavík

2. gr. Starf hreyfingarinnar skal einkennast af tilgangi og einkunnarorðum JCI.

Einkunnarorð JCI Íslands eru:

Það er skoðun vor: Að trú á guð veiti lífinu tilgang og takmark,
að bræðralag manna sé þjóðarstolti æðra,
að skipting gæðanna verði réttlátust við einstaklingsfrelsi og frjálst framtak,
að lög skuli ráða fremur en menn, að manngildið sé mesti fjársjóður jarðar,
að efla og bæta mannlíf sé öllum verkum æðra.

Breyting á einkunnarorðunum er háð samþykki tveggja landsþinga. Tilgangur hreyfingarinnar í anda einkunnarorðanna skal vera: Að stuðla að framþróun alþjóðasamfélagsins með því að veita ungu fólki tækifæri til að efla leiðtogaþæfileika sína, félagslega ábyrgð, frumkvæði og samkennd til að stuðla að jákvæðum breytingum. Hreyfingin starfar án tillits til stjórn mála skoðana, trúarbragða, kyns, litarháttar eða þjóðernis.

2. gr. Starf hreyfingarinnar skal einkennast af tilgangi og einkunnarorðum JCI.

Einkunnarorð JCI Íslands eru:

Það er skoðun vor: **Að trú á guð veiti lífinu tilgang og takmark,**
að bræðralag manna sé þjóðarstolti æðra,
að skipting gæðanna verði réttlátust við einstaklingsfrelsi og frjálst framtak,
að lög skuli ráða fremur en menn, að manngildið sé mesti fjársjóður jarðar,
að efla og bæta mannlíf sé öllum verkum æðra.

Breyting á einkunnarorðunum er háð samþykki tveggja landsþinga. Tilgangur hreyfingarinnar í anda einkunnarorðanna skal vera: Að stuðla að framþróun alþjóðasamfélagsins með því að veita ungu fólki tækifæri til að efla leiðtogaþæfileika sína, félagslega ábyrgð, frumkvæði og samkennd til að stuðla að jákvæðum breytingum. Hreyfingin starfar án tillits til stjórn mála skoðana, trúarbragða, kyns, litarháttar eða þjóðernis.

Rökstuðningur

Á landsþingi 2009 var tillaga lögð fram um að fella orðið guð útúr fyrstu línu einkunnarorðanna þar sem setningin stendur fyrir það sama án orðsins guð. Þ.e. að trúa á eitthvað veitir lífinu tilgang og takmark – í textanum neðan við einkunnarorðin kemur fram að hreyfingin starfi án tillits til trúarbragða og hefur orðið guð í fyrstu línu gildanna virkað sem þversögn. Þessi breyting er nú lögð fram í annað sinn skv lögum.

Flutningsmaður

Tryggvi Freyr Elínarson

Stuðningsmaður

Helgi Guðmundsson .

5. gr.

Æðsta stjórn hreyfingarinnar er í höndum þingfundar landsþings. Fjöldi atkvæðisbærra fulltrúa á landsþingi skal vera 61 og skulu þeir skiptast þannig:

Hver landsstjórnarmaður skal hafa 1 atkvæði og hvert löglegt aðildarfélag skal hafa 1 atkvæði fyrir aðild að hreyfingunni. Önnur atkvæði skiptast hlutfallslega milli aðildarfélaga í samræmi við fullgreidd

félagsgjöld til JCI Íslands, sbr. 27. gr. laga þessara. Landsforseti, landsgjaldkeri og lögsögumaður reikna út atkvæðamagn aðildarfélaga. Í síðasta lagi 28 dögum áður en þingfundur hefst á landsþingi skulu aðildarfélög senda til landsstjórnar félagatal og ákvarðar það fjölda þingfulltrúa hvers aðildarfélags á yfirstandandi starfsári. Við útreikning skulu þau aðildarfélög sem næst eru því að fá einn viðbótarfulltrúa hljóta uppbótarsæti uns heildarfulltrúafjöldi er náð. Í þeim tilvikum þar sem 2 eða fleiri aðildarfélög eiga rétt á síðustu uppbótarsætum skal þó fjölga fulltrúum og skulu bæði/öll hljóta uppbótarsæti. Tilkynningu um atkvæðamagn skal senda aðildarfélögum skriflega ásamt fundarboði landsþings skv. 6. gr. laga þessara. Fulltrúi má ekki greiða atkvæði í umboði annars fulltrúa, né heldur vera úr öðru aðildarfélagi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði.

JCI félagar án kjörbréfs hafa aðeins tillögurétt á þingfundum hreyfingarinnar. Umsjónarmenn landsstjórnar hafa þar málfrelsi.

ný tillaga:

5. gr.

Æðsta stjórn hreyfingarinnar er í höndum þingfundar landsþings. Fjöldi atkvæðisbærra fulltrúa á landsþingi skal vera **27** og skulu þeir skiptast þannig:

Hver landsstjórnarmaður skal hafa 1 atkvæði og hvert löglegt aðildarfélag skal hafa 1 atkvæði fyrir aðild að hreyfingunni. Önnur atkvæði skiptast hlutfallslega milli aðildarfélaga í samræmi við fullgreidd félagsgjöld til JCI Íslands, sbr. 27. gr. laga þessara. Landsforseti, landsgjaldkeri og lögsögumaður reikna út atkvæðamagn aðildarfélaga. Í síðasta lagi 28 dögum áður en þingfundur hefst á landsþingi skulu aðildarfélög senda til landsstjórnar félagatal og ákvarðar það fjölda þingfulltrúa hvers aðildarfélags á yfirstandandi starfsári. Við útreikning skulu þau aðildarfélög sem næst eru því að fá einn viðbótarfulltrúa hljóta uppbótarsæti uns heildarfulltrúafjöldi er náð. Í þeim tilvikum þar sem 2 eða fleiri aðildarfélög eiga rétt á síðustu uppbótarsætum skal þó fjölga fulltrúum og skulu bæði/öll hljóta uppbótarsæti. Tilkynningu um atkvæðamagn skal senda aðildarfélögum skriflega ásamt fundarboði landsþings skv. 6. gr. laga þessara. Fulltrúi má ekki greiða atkvæði í umboði annars fulltrúa, né heldur vera úr öðru aðildarfélagi, **þó getur forseti aðilarfélags eða handhafi forsetavalds kosið í umboði fjarverandi fulltrúa úr eigin aðilarfélagi**. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði.

JCI félagar án kjörbréfs hafa aðeins tillögurétt á þingfundum hreyfingarinnar. Umsjónarmenn landsstjórnar hafa þar málfrelsi.

Rökstuðningur

Á árum áður þegar hreyfing var það fjölmenn að félagarnir töldu hundruði var eðlilegt að fjöldi þingfulltrúa væri 61. Á 250 manna þingi væri því einungis um fjórðungur bundinn af því að vera í þingsal. Nú blasir annar veruleiki við okkur og heildarfjöldi JCI félaga á landsþingi undanfarin ár verið svipaður og fjöldi þingfulltrúa. Það má öllum vera ljóst að ekki hægt að ætlast til þess að allir þinggestir, þar á meðal nýliðar, taki þátt á þingfundi. Í ljósi þess legg ég til að fjöldi þingfulltrúa verði færður niður í 27. Ef við erum með 7 manna landsstjórn þá eru samt eftir 20 þingsæti sem skiptast á milli aðildarfélaga. Ef við erum með 4-5 30 manna aðildarfélög þá ætti hvert aðildarfélag kost á 4-5 þingfulltrúum sem þýðir að alla jafna hafi allir sjórnarmeðlimir aðildarfélags atkvæðisrétt. Þessi breyting snýr því eingöngu að fjölda mögulegra þingfulltrúa.

Seinni hluti breytingar á greininni snýr að því að forseti aðildarfélags eða handhafi forsetavalds hafi umboð til að greiða atkvæði fyrir þingfulltrúa úr eigin aðildarfélagi þurfi sá að bregða sér frá tímabundið. Þetta mun gera þingfulltrúm kleift að bregða sér frá tímabundið án þess að veikja stöðu aðildarfélags í atkvæðagreiðslu auk þess sem þingstörf munu ganga greiðar fyrir sig þar sem ekki þarf að endurreikna atkvæði í sal í hvert sinn sem þingfulltúi gengur inn eða útúr salnum. Auk þess munum við losna við óskir um að þingfundi eða atkvæðagreiðslu sé frestað svo forsetar geti farið og "leitað uppi" þingfulltrúana sína og smalað þeim í þingsal.

Tryggvi Freyr Elínarson
Tillöguflytjandi

Guðlaug Birna Björnsdóttir
Stuðningsmaður

Tillaga að breytingu á höfuðstól framfarasjóðs

Lagt er til að höfuðstóll framfarasjóðs verði lækkaður í kr:4.000.000

Rökstuðningur

Í ljósi þess hve mikið vantar upp á að hægt sé að úthluta úr sjóðnum og hversu langan tíma það mun taka að vinna upp tap undanfarinna ára miðað við núverandi ávöxtun telur sjóðsstjórnin rétt að lækka höfuðstólinn.

Anna María Bjarnadóttir
Flutningsmaður

Jóhann P. Guðvarðarson
stuðningsmaður

LÖG JCI ÍSLANDS

1. gr. Nafn hreyfingarinnar er Junior Chamber International Ísland, skammstafað JCI Ísland. Lögheimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Hreyfingin er aðili að Junior Chamber International (JCI).

2. gr. Starf hreyfingarinnar skal einkennast af tilgangi og einkunnarorðum JCI.

Einkunnarorð JCI Íslands eru: Tilgangur hreyfingarinnar í anda einkunnarorðanna er: Að veita ungu fólki tækifæri til að efla hæfileika sína með því, stuðla að jákvæðum breytingum.

Takmark JCI er: Að vera leiðandi alþjóðleg hreyfing ungra virkra samfélagsþegna.

Það er skoðun vor: Að trú á guð veiti lífinu tilgang og takmark, að bræðralag manna sé þjóðarstolti æðra, að skipting gæðanna verði réttlátust við einstaklingsfrelsi og frjálst framtak, að lög skuli ráða fremur en menn, að manngildið sé mesti fjársjóður jarðar, að efla og bæta mannlíf sé öllum verkum æðra.

Breyting á einkunnarorðunum er háð samþykki tveggja landsþinga. Tilgangur hreyfingarinnar í anda einkunnarorðanna skal vera: Að stuðla að framþróun alþjóðasamfélagsins með því að veita ungu fólki tækifæri til að efla leiðtogaþæfileika sína, félagslega ábyrgð, frumkvæði og samkennd til að stuðla að jákvæðum breytingum. Hreyfingin starfar án tillits til stjórn mála skoðana, trúarbragða, kyns, litarháttar eða þjóðernis.

AÐILD AÐ HREYFINGUNNI

3. gr. Aðilar að hreyfingunni eru JCI félög sem hlotið hafa viðurkenningu landsstjórnar, og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Nafn félagsins hefjist á Junior Chamber International, skammstafað JCI. 2. Fjöldi félagsmanna sé við stofnun að minnsta kosti 20. 3. Félagið hefur sett sér lög sem landsstjórn staðfestir. 4. Félagið hefur valið sér forseta og stjórn. 5. Landsritara hafi borist félagatal aðildarfélags. 6. Aðildarfélög skulu uppfylla skilyrði Junior Chamber International.

4. gr. Landsstjórn getur með ákvörðun, sem hlýtur samþykki 2/3 hluta stjórnarmanna útilokað aðildarfélag, fullnægi það ekki kröfum 3. greinar laga þessara eða það teljist ekki af öðrum orsökum hæft til aðildar.

LANDSPING

5. gr. Æðsta stjórn hreyfingarinnar er í höndum þingfundar landsþings. Fjöldi atkvæðisþærra fulltrúa á landsþingi skal vera 61 og skulu þeir skiptast þannig:

Hver landsstjórnarmaður skal hafa 1 atkvæði og hvert löglegt aðildarfélag skal hafa 1 atkvæði fyrir aðild að hreyfingunni. Önnur atkvæði skiptast hlutfallslega milli aðildarfélaga í samræmi við fullgreidd félagsgjöld til JCI Íslands, sbr. 27. gr. laga þessara. Landsforseti, landsgjaldkeri og lögsögumaður reikna út atkvæðamagn aðildarfélaga. Í síðasta lagi 28 dögum áður en þingfundur hefst á landsþingi skulu aðildarfélög senda til landsstjórnar félagatal og ákvarðar það fjölda þingfulltrúa hvers aðildarfélags á yfirstandandi starfsári. Við útreikning skulu þau aðildarfélög sem næst eru því að fá einn viðbótarfulltrúa hljóta uppbótarsæti uns heildarfulltrúafjöldi er náð. Í þeim tilvikum þar sem 2 eða fleiri aðildarfélög eiga rétt á síðustu uppbótarsætum skal þó fjölga fulltrúum og skulu bæði/öll hljóta uppbótarsæti. Tilkynningu um atkvæðamagn skal senda aðildarfélögum skriflega ásamt fundarboði landsþings skv. 6. gr. laga þessara. Fulltrúi má ekki greiða atkvæði í umboði annars fulltrúa, né heldur vera úr öðru aðildarfélagi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði.

JCI félagar án kjörbréfs hafa aðeins tillögurétt á þingfundum hreyfingarinnar. Umsjónarmenn landsstjórnar hafa þar málfrelsi.

6. gr. Fundarboð landsþings sendist í einu eintaki til hvers aðildarfélags með sannanlegum hætti a.m.k. 21 degi fyrir þing, fundarboði skal fylgja áfangaskýrsla landsstjórnarmanna og Umsjónarmanna. Stjórnir aðildarfélaga skulu boða fulltrúa sína á þingið í samræmi við 5. grein. Í fundarboði sem samið er af landsstjórn skal tilkynna dagskrá sem liggur fyrir þinginu. Aukaþing eru haldin þegar landsstjórn álitur það nauðsynlegt eða ef a.m.k. helmingur fullgildra aðildarfélaga krefst þess. Fundarboð aukapings er samið og sent á sama hátt og venjulegt landsþingsboð.

7. gr. Landsþing skal haldið síðustu heilu helgina í september ár hvert. Boð til landsþings skal berast landsforseta og vera í fullu samræmi við sérstaka reglugerð um þingboð. Landsstjórn sér um að reglugerðinni sé framfylgt. Dagskrá þingfundar á landsþingi skal vera:

1. Ávarp landsforseta, þingsetning. 2. Lögð fram kjörbréf og fulltrúar kynntir. 3. Staðfest skipan tveggja þingforseta, tveggja þingritara og tveggja atkvæðateljara. 4. Staðfest lögmæti þingboðs og þings. 5. Umræður um áfangaskýrslur landsstjórnarmanna og umsjónarmanna. 6. Áfangaskýrslur aðildarfélaga, umræður. 7. Lagabreytingar. 8. Kosning landsforseta. 9. Kosning þriggja varalandsforseta, landsgjaldkera og landsritara. 10. Kosning viðtakandi landsforseta. 11. Ákvörðun um félagsgjald til JCI Íslands. 12. Tilnefningar til starfa á vegum landsstjórnar. 13. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara. 14. Kosning í stjórn Framfarasjóðs. 15. Stefnumótun/langtímaáætlun. 16. Ákvörðun um næsta þing. 17. Önnur mál. 18. Afhending viðurkenninga (fer fram á lokahófi). 19. Staðfesting á kjöri næstu landsstjórnar (fer fram á lokahófi). 20. Þingslit (fer fram á lokahófi).

Ávörp gesta geta farið fram á hverjum þeim atburði þinghalds sem landsforseti ákveður. Fundargerð sendist fulltrúum innan mánaðar frá lokum þings, undir umsjón ritara landsstjórnar. Þingforsetar og atkvæðateljarar eru ekki fulltrúar á þingfundi.

8. gr. Á þingfundi landsþings fara atkvæðagreiðslur fram með handauppréttingu nema fundurinn ákveði annað, tillaga um skriflega atkvæðagreiðslu þarf 2/3 hluta atkvæða. Einfaldur meirihluti nægir til allra samþykktá, nema þar sem lög kveða á um annað. Kosning í öll embætti landsstjórnar skal vera skrifleg. Sé um fleiri en einn frambjóðanda að ræða í einhver

embætti landsstjórnar skal við hvert kjör fella út frambjóðanda sem hlýtur fæst atkvæði við hverja atkvæðagreiðslu, þar til eftir standa eða hafa náð meirihlutafylgi, jafn margir og kjósa skal.

Ef ekki næst meirihlutafylgi í embætti landsstjórnar á ofangreindan hátt, skal þá þegar opna fyrir framboð í viðkomandi embætti og kjör fara fram í upphafi 18. dagskrárliðar þingfundar (önnur mál).

9. gr. Landsstjórn er heimilt að leita bréflaga samþykkis aðildarfélaga og landsstjórnar um málefni er venjulega heyra undir landsþing. Sjá nánar í reglugerð.

LAGABREYTINGAR

10. gr. Tillögur um breytingar á lögum hreyfingarinnar skal senda landsstjórn skriflega ásamt rökstuddri greinargerð, í síðasta lagi 28 dögum fyrir þing ár hvert. Breytingartillaga skal birt orðrétt í fundarboði þess þings er ræðir hana. 2/3 hluta atkvæða þarf til breytinga á lögum. Landsstjórn setur reglugerðir.

LÖGSÖGUMAÐUR

11. gr. Landsforseti skipar lögsögumann hreyfingarinnar við upphaf starfsárs. Lögsögumaður má hvorki vera fulltrúi aðildarfélags né landsstjórnar.

KJÖRNEFND

12. gr. Í kjörnefnd eiga sæti hverju sinni þrjú JCI félagar, skipaðir af landsforseta. Kjörnefnd og/eða landsforseti taka á móti þingboðum og framboðum til embættis landsforseta og annarra landsstjórnarmanna fyrir næsta starfsár. Framboð til landsforseta skulu hafa borist ekki síðar en 1. maí. Framboð til viðtakandi landsforseta og annarra landsstjórnarmanna skulu hafa borist ekki síðar en 1. september og skulu þau lögð fram á landsþingi. Frambjóðendur til landsstjórnar skulu vera fullgildir og löglegir félagar, hafa verið stjórnarmenn í aðildarfélagi, frambjóðandi til embættis landsforseta skal hafa setið í landsstjórn áður, frambjóðendur mega ekki hafa gegnt viðkomandi embætti áður.

KJÖRBRÉFANEFND

13. gr. Í kjörbréfanefnd eiga sæti hverju sinni ritari, gjaldkeri og varalandsforseti með svið samfélags. Kjörbréfanefnd sendi aðildarfélögum eigi síðar en 21 degi fyrir þing sérstök kjörbréfaeyðublöð. Fyrir setningu landsþings skulu aðildarfélög leggja fram hjá landsgjaldkera útfyllt kjörbréf. Kjörbréfanefnd úrskurðar um gildi kjörbréfa skv. 5. grein og skilar landsþingi greinargerð um nöfn og tölu atkvæðisbærra fulltrúa við upphaf þess.

STJÓRN OG FORSETI HREYFINGARINNAR

14. gr. Stjórn hreyfingarinnar nefnist landsstjórn. Á vegum landsstjórnar starfa umsjónarmenn. Tilgangur landsstjórnar er að starfa sem sameiginlegur málsvari JCI félaga á Íslandi gagnvart öðrum aðilum, innlendum sem erlendum, hún ber ábyrgð á starfsemi hreyfingarinnar og skal vinna að tilgangi hennar og markmiðum í samræmi við lög hennar og ákvarðanir landsþings. Landsstjórn lætur þýða og dreifir upplýsingum til aðildarfélaga, leiðbeinir þeim og hefur eftirlit með starfi þeirra og eflir samstöðu og samstarf með þeim. Landsstjórn er heimilt að kveða sér til aðstoðar sérhvert aðildarfélag eða einstaka féлага, sjái hún þess þörf. Umsjónarmenn landsstjórnar eru formenn landsstjórnarnefnda og umsjónarmenn tiltekinna verkefna.

15. gr. Landsstjórn fyrir komandi starfsári er kosin á sérstökum dagskrárlið á landsþingi ár hvert. Í landsstjórn skulu sitja landsforseti, 2-4 varalandsforsetar, landsritari og landsgjaldkeri. Stjórnarskipti fara fram um áramót. Kjörinn landsforseti situr landsstjórnarfundi án atkvæða réttar fram til stjórnarskipta. Á landsþingi skal kjósa í embætti viðtakandi landsforseta. Viðtakandi landsforseti situr landsstjórnarfundi en hefur ekki atkvæðarétt.

16. gr. Landsforseti er formaður stjórnar. Öll aðildarfélög skulu hljóta heimsókn landsforseta a.m.k. einu sinni á hverju ári. Öll aðildarfélög skulu hljóta heimsókn a.m.k. eins landsstjórnarmanns í upphafi starfsárs og oftar ef þörf krefur.

17. gr. Stjórn er ákvörðunarhæf þegar landsforseti ásamt þremur meðstjórnarmönnum eru viðstaddir. Við stjórnarákvarðanir ræður einfaldur meirihluti. Við jöfn atkvæði ræður atkvæði landsforseta. Sjá þó 4. grein.

18. gr. Viðtakandi landsstjórnarmenn hafa umsjón með námskeiði fyrir viðtakandi stjórnir aðildarfélaganna og embættismenn landsstjórnar fyrir 30. nóvember.

19. gr. Prókúruhafar eru landsgjaldkeri og landsforseti.

FRAMKVÆMDASTJÓRN

20. gr. Landsstjórn ásamt forsetum aðildarfélaga og umsjónarmönnum landsstjórnar nefnist framkvæmdastjórn. Landsstjórn boðar til framkvæmdastjórnarfunda og skulu þeir vera að minnsta kosti tveir á starfsárinu, í upphafi starfsárs í janúar og að hausti að loknum kjörfundum aðildarfélaganna þó eigi síðar en 1. desember ár hvert. Jafnframt skal boðað til a.m.k. eins stöðufundar á vormisseri.

21. gr. Á framkvæmdastjórnarfundi í janúar skulu fráfarandi landsstjórnar- og umsjónarmenn leggja fram lokaskýrslu og ársreikning hreyfingarinnar, undir sérstökum dagskrárliðum. Fráfarandi landsforseti fer með atkvæði landsstjórnar við afgreiðslu þessara liða. Aðildarfélög skulu einnig leggja fram skriflega skýrslu yfir síðasta starfsár á stöðluðu formi sem landsstjórn útvegar. Meginhlutverk framkvæmdastjórnarfundar í janúar eru ákvarðanir um starfið framundan, ásamt afgreiðslu á framkvæmdar- og fjárhagsáætlun hreyfingarinnar.

Framkvæmdastjórn situr annan framkvæmdastjórnarfund ásamt viðtakandi framkvæmdastjórn. Fundargerð síðasta landsþings er staðfest á öðrum framkvæmdarstjórnarfundi. Þingfulltrúar sem ekki hafa málfrelsi á framkvæmdastjórnarfundir geta skilað inn skriflegari athugasemd við fundargerð. Fundargerð síðasta landsþings er staðfest með undirritun landsritara. Þar skal einnig samþykkt endurskoðuð tillaga að stefnumótun næstu þriggja ára.

22. gr. Landsforseti skipar fundarstjóra á framkvæmdastjórnarfundum í samráði við umsjónarfélag eða stjórnar fundinum sjálfur kjósi hann það. Landsforseti hefur eitt atkvæði og hvert aðildarfélag eitt atkvæði. Landsforseti getur þó veitt öðrum landsstjórnarmanni umboð til að fara með sitt atkvæði. Í forföllum forseta aðildarfélags getur hann veitt öðrum féлага úr sínu aðildarfélagi skriflegt umboð til þess að fara með atkvæði síns aðildarfélags.

23. gr. Landsforseti getur boðið áheyrnarfulltrúum að taka til máls á framkvæmdastjórnarfundum.

LEIÐBEINENDARÉTTINDI

24. gr. Leiðbeinendaréttindi JCI Íslands skiptast í fjögur stig og þurfa leiðbeinendur hreyfingarinnar að hljóta staðfestingu landsstjórnar samkvæmt reglugerð þar að lútandi. Aðildarfélögum og einstaklingum er ekki heimilt að selja námskeið eða leiðbeina á almennum markaði í nafni JCI án samþykkis landsstjórnar.

ÁRSSKÝRSLUR, REIKNINGAR

25. gr. Starfsár og reikningar hreyfingarinnar er almanaksárið. Landsgjaldkeri skal árlega, ekki síðar en 7 dögum eftir landsstjórnarskipti, afhenda reikninga ásamt fylgiskjölum til kjörinna skoðunarmanna. Skoðaðir reikningar ásamt fylgiskjölum skulu liggja frammi á skrifstofu JC Íslands í að minnsta kosti fjóra tíma í vikunni fyrir 1. framkvæmdastjórnarfund, til skoðunar fyrir félagsmenn. Skoðunarmenn skila skýrslu sinni á 1. framkvæmdastjórnarfundi.

FRAMFARASJÓÐUR

26. gr. Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm félögum, þar af fjórum kjörnum á landsþingi til tveggja ára í senn, kjörnir fulltrúar geta ekki verið úr landsstjórn né forsetar aðildarfélaga, fimmti stjórnarmaðurinn er sitjandi landsforseti hvers tíma eða hans fulltrúi úr landsstjórn. Stjórnin kýs sér formann. Sjóðsstjórn skal hafa umsjón með ávöxtun höfuðstóls ásamt því að fjalla um fjárveitingar úr sjóðnum, sjá nánar reglugerð. Ekki er heimilt að skerða höfuðstól sjóðsins né verðbætur nema með samþykki 2/3 hluta þingfundar landsþings. Tillaga að breytingu á höfuðstól verður að berast 28 dögum fyrir landsþing og send út með þingboð. Yfirlit yfir stöðu, ávöxtun og fjárveitingar sjóðsins skal lagt fram á landsþingi ár hvert.

FÉLAGSGJÖLD

27. gr. Upphæð félagsgjalda og skráningargjalds til JCI Íslands skal ákveða á landsþingi fyrir komandi starfsár. Félagatal það sem lagt er fyrir landsþing ákvarðar fjölda félaga sem greitt er af til JCI Íslands næsta ár. Heiðursfélagar JCI Íslands undir fertugu eru undanþegnir greiðslu félagsgjalda til JCI Íslands og teljast fullgildir félagar. Verði vanskil á greiðslu félagsgjalda, leggjast á hæstu lögleyfðir dráttarvextir. Sé um vanskil að ræða missir viðkomandi aðildarfélag atkvæðisrétt fulltrúa sinna á landsþingi, framkvæmdastjórnarfundum og við bréflaga atkvæðagreiðslu. Ný og endurreist aðildarfélög greiði þriðjung félagsgjalda fyrsta starfsár. Nánari útfærsla á greiðslufyrirkomulagi skal sett í reglugerð.

SVIÐ TÆKIFÆRA

28. gr. Störf landsstjórnar og aðildarfélaga, utan beinna stjórnarstarfa, eru á fjórum sviðum tækifæra sem skiptast á sama hátt og samþykkt hefur verið af Junior Chamber International.

Svið tækifæra eru:

einstaklings

samfélags

viðskipta

alþjóðasamstarfs

Landsstjórn skal tilgreina hvaða verkefni eða störf teljast tilheyra hverju þessara sviða með sérstakri reglugerð þar um.

STEFNUMÓTUN

29. gr. Hreyfingin setur fram stefnumið sín í formi langtímaáætlunar til a.m.k. þriggja ára í senn. Tillögur stefnumótunarnefndar skulu sendar stjórnnum aðildarfélaga minnst 21 degi fyrir þing. Áætlunin skal rædd á þingfundi landsþings og samþykkt á FS fundi á haustmisseri.

AÐSETUR HREYFINGARINNAR

30. gr. Aðsetur hreyfingarinnar er í Reykjavík. JCI húsið er Hellusund 3. Stjórn JCI hússins skal skipuð landsforseta og tveimur fjárhaldsmönnum hússins samkvæmt reglugerð.

SLIT HREYFINGARINNAR

31. gr. Ákvörðun um slit hreyfingarinnar skal tekin af tveimur þingum í röð. Til samþykktar þarf 2/3 hluta atkvæða á báðum þingum. Seinna þingið skal ákveða um ráðstöfun eigna eftir tillögum landsstjórnar.

32. gr. Lög um félög og fundarsköp ráða þar sem fyrirmæli skortir í lögum þessum.

Lög með breytingum frá 48. landsþingi haldið í Sveinbjarnargerði 25.-27. september 2009. Staðfesting:

Loftur Már Sigurðsson Landsforseti JCI Íslands 2009

og

Karl Einarsson Lögsögumaður JCI Íslands 2009

Landsþingsfundargerð **Fundargerð 48. landsþings JCI Íslands** *Sveinbjarnargerði 25 27. september 2009*

1. Þingfundur

1. Ávarp landsforseta, þingsetning.

Loftur Már Sigurðsson, landsforseti JCI Íslands bauð fólk velkomið og setti þingið.

2. Lögð fram kjörbréf og fulltrúar kynntir.

Kjörbréf barst frá

JCI GK: 3 þingfulltrúar,

JCI Esja: 4 þingfulltrúar,

JCI Reykjavík: 3 þingfulltrúar,

JCI Keilir: 2 þingfulltrúar,

Landsstjórn 5 þingfulltrúar.

Í salnum voru 17 atkvæði. Lögsögumaður JCI Íslands Karl Einarsson lagði fram kjörbréf aðildarfélaganna og las upp nöfn aðalfulltrúa þeirra. Lögsögumaður gerði grein fyrir að 9 atkvæði væri meirihluti og 12 atkvæði væri aukinn meirihluti.

Loftur lagði til að þingfundi yrði frestað. Þingfundi frestað. kl: 08:10

Þingfundi haldið áfram kl 8:11. Loftur hvatti sér hljóðs aftur og lagði til að þingfulltrúar kynntu sig sem þeir gerðu. Loftur lagði til að þingfundi yrði frestað kl 08:14 þingfundi frestað.

Þingfundi haldið áfram kl 8:26

3. Staðfest skipan þingforseta, tveggja þingritara og atkvæðateljara atkvæðateljarar.

Landsforseti leitaði samþykkis fundarins að eingöngu yrði einn þingforseti, samþykkti fundurinn tillögu landsforseta. Lagði hann þá til að Arna Björk Gunnarsdóttir yrði þingforseti og var það stutt. Tók hún strax til starfa.

Stungið var upp á Hrólfi Sigurðssyni og Tómasi Hafliðasyni sem þingriturum og var það stutt.

Arna Björk Gunnarsdóttir og Hulda Sigfúsdóttir Senator voru tilnefndar sem atkvæðateljarar og var það stutt.

4. Staðfest lögmæti þingboðs og þings.

Lögsögumaður JCI Íslands Karl Einarsson staðfesti lögmæti þingboðs og þingsins.

Umsjónarmaður kvæðakútsins, Helgi Guðmundsson notaði tækifærið og kynnti fyrripart.

Sigurður Sigurðsson Landsgjaldkeri JCI tók til máls og kynnti sölu Jci merkja.

Árni Árnason tók til máls og benti á að það á eftir að samþykkja fundargerð fyrir landsþing 2008.

5. Fundargerð síðasta landsþings staðfest.

Óskað var eftir athugasemdum við fundargerð síðasta landsþings og minnt á að hún hafi fylgt þingboði. Engar athugasemdir bárust og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Umræður um áfangaskýrslur landsstjórnarmanna og umsjónarmanna. Loftur kynnti þingboðið og að þar væru áfangaskýrslur landstjórnarmanna og umsjónarmanna.

Helgi Guðmundsson fór yfir sína skýrslu.

Anna María Bjarnadóttir kynnti skýrslu TOYP nefndarinnar.

Landsforseti veitti Huldu Sigfúsdóttir, Senator málfrelsi á fundinum sem benti á að landsþing er kallaður landsfundur í fundarboði og óskaði eftir leiðréttingu.

7. Áfangaskýrslur og umræður. Fundarstjóri minnti á framboð til landsstjórnar 2008.

JCI Reykjavík: Theódór Bender, flutti skýrslu JCI Reykjavíkur.

JCI Keilir: Tryggvi Freyr Elínarson, flutti skýrslu JCI Keili.

JCI GK: Aðalbjörg Katrín flutti skýrslu JCI GK

JCI Esja: Kjartan Hansson kynnti skýrslu JCI Esju

Umræður um skýrslur aðildarfélaganna Anna María JCI Reykjavík hrósaði Kjartani fyrir góða skýrslu

og sagði að henni fyndist að það ætti að taka fram hvað félagarnir hafa gert.

Helgi JCI Reykjavík tók undir orð Önnu Maríu og spurði forsetanna um hver væru stærstu tækifæri JCI

hreyfingarnar við breyttar á efnahagsaðstæðum.

Árni Viðtakandi Landsforseti spurði aðildarfélags forseta hvað þeir lærðu á þessu og hvernig þeir ætla að enda síðustu þrjá mánuði í starfinu.

Birgit Raschhofer sagði að ef við erum jákvæð þá ganga hlutirnir betur.

Helgi Guðmundsson sagði að það eru tækifæri til að læra af stöðunni. Hann hrósaði Theodóri til að koma með þarfar ábendingar um JCI starfið.

Tómas Hafliðason þakkaði fyrir skýrslu forseta JCI Keili sem forseti JCI Keilis afhenti. Forseti JCI GK

afhenti skýrslu JCI GK.

Þingforseti frestaði fundi kl 9:46

Fundi áframhaldið kl 10:01

8. Lagabreytingar

Tvær lagabreytingar liggja fyrir landsþingið. Breytingar tillaga á grein nr. 2 í lögum JCI.

Breytingartillaga við 2. gr.

Óbreytt:

2. gr. Starf hreyfingarinnar skal einkennast af tilgangi og einkunnarorðum JCI.

Einkunnarorð JCI Íslands eru:

Það er skoðun vor:

Að trú á guð veiti lífinu tilgang og takmark,

að bræðralag manna sé þjóðarstolti æðra,

að skipting gæðanna verði réttlátust við einstaklingsfrelsi og frjálst framtak,

að lög skuli ráða fremur en menn,

að manngildið sé mesti fjársjóður jarðar,

að efla og bæta mannlíf sé öllum verkum æðra.

Breyting á einkunnarorðunum er háð samþykki tveggja landsþinga.

Tilgangur hreyfingarinnar í anda einkunnarorðanna skal vera:

Að stuðla að framþróun alþjóðasamfélagsins með því að veita ungu fólki tækifæri til að efla leiðtogaþæfileika sína, félagslega ábyrgð, frumkvæði og samkennd til að stuðla að jákvæðum breytingum. Hreyfingin starfar án tillits til stjórn mála skoðana, trúarbragða, kyns, litarháttar eða þjóðernis. Breyting:

2. gr. Starf hreyfingarinnar byggir á tilgangi, framtíðarsýn og gildum JCI.

Tilgangur JCI: Að

veita ungu fólki tækifæri til að efla leiðtogaþæfileika sína og með því stuðla að jákvæðum breytingum.

Framtíðarsýn JCI: Að vera leiðandi alþjóðleg hreyfing ungra virkra þegna

Gildi JCI:

Það er skoðun vor: Að trú á guð veiti lífinu tilgang og takmark, að bræðralag manna sé þjóðarstolti

Tryggvi kynnrir tillöguna við grein 2.

Umræður voru um tillöguna æðra, að skipting gæðanna verði réttlátust við einstaklingsfrelsi og frjálst

framtak, að lög skuli ráða fremur en menn, að manngildið sé mesti fjársjóður jarðar, að

efla og bæta mannlíf sé öllum verkum æðra.

Breyting á gildum er háð samþykki tveggja landsþinga.

Árni Árnason leggur til breytingartillöguna og er Loftur stuðningsmaður. Árni kemur í ræðupúlt og rökstyður lagabreytinguna.

Breytingartillaga sem Guðlaug leggur fram og Kjartan er stuðningsmaður.

Tryggvi kynnir tillögu við grein 2.

Umræður um tillögu fóru fram.

Ragnar Valsson stakk uppá að það yrði gerð fundarhlé til að slípa breytingartillöguna.

Anna María Bjarnadóttir afhendi breytingartillögu af breytingartillögu og er stutt af Birgit JCI Esju.

Opnað var fyrir umræður.

Umræður fóru fram um breytingartillögu af breytingartillögunni.

Fundarhlé var gert kl 10:33

Fundi áframhaldið kl 10:41

Tillaga um atkvæðagreiðslu var lögð fram og var hún samþykkt.

Breytingartillaga af breytingartillögu var samþykkt með þorra atkvæða.

Breytingartillaga um að sleppa guði úr einkunnarorðum, flutt af Tryggva JCI Keili og stutt af

Guðlaugi

JCI Esju.

Umræður eru opnaðar af þessari breytingartillögu

Árni Viðtakandi Landsforseti lagði fyrirspurn til lögsögumanns um hvort það væri löglegt að koma

með breytingartillögu sem er ekki í sama eðli og fyrirfram auglýst lagabreytingar. Lögsögumaður

sagði að það væri í lagi að koma með lagabreytingu þegar það er búið að opna fyrir breytingar á

þessari grein laga. Ragnar lagði til að það gengið verði til atkvæða og var það samþykkt

Breytingartillaga var samþykkt með 13 atkvæðum, tveir voru á móti og tveir sátu hjá.

Lögð var breytingartillagan í heild sinni og var hún samþykkt með 15 atkvæðum og einn sat hjá og einn var á móti.

Breytingartillaga við 26. grein

Óbreytt

26. gr. Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm félögum, þar af fjórum kjörnum á landsþingi til tveggja ára í senn, kjörnir fulltrúar geta ekki verið úr landsstjórn né forsetar aðildarfélaga, fimmti stjórnarmaðurinn er sitjandi landsforseti hvers tíma eða hans fulltrúi úr landsstjórn.

Stjórnin kýs sér formann. Sjóðsstjórn skal hafa umsjón með ávöxtun höfuðstóls ásamt því að fjalla um fjárveitingar úr sjóðnum, sjá nánar reglugerð. Ekki er heimilt að skerða höfuðstól sjóðsins né verðbætur nema með samþykki 2/3 hluta þingfundar landsþings.

Yfirlit yfir stöðu, ávöxtun og fjárveitingar sjóðsins skal lagt fram á landsþingi ár hvert.

Breytt:

26. gr. Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm félögum, þar af fjórum kjörnum á landsþingi til tveggja ára í senn, kjörnir fulltrúar geta ekki verið úr landsstjórn né forsetar aðildarfélaga, fimmti

stjórnarmaðurinn er sitjandi landsforseti hvers tíma eða hans fulltrúi úr landsstjórn. Stjórnin kýs sér formann. Sjóðsstjórn skal hafa umsjón með ávöxtun höfuðstóls ásamt því að fjalla um fjárveitingar

úr sjóðnum, sjá nánar reglugerð. er heimilt að skerða höfuðstól sjóðsins né verðbætur nema með samþykki 2/3 hluta þingfundar landsþings. Tillaga að breytingu á höfuðstól verður að berast 28

dögum fyrir landsþing og send út með þingboði. Yfirlit yfir stöðu, ávöxtun og fjárveitingar sjóðsins skal lagt fram á landsþingi ár hvert.

Breytingartillaga á 26. grein var lögð fram Árni Árnason kynnti tillöguna og var Loftur landsforseti var

stuðningsmaður.

Ragnar lagði til að breytingartillagan verði lögð til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt

Breytingartillagan var samþykkt með 16 atkvæðum og einn sat hjá.

Lög JCI Íslands í heild sinni voru lögð til atkvæðagreiðslu með breytingum og voru þau samþykkt með

öllum greiddum atkvæðum.

Loftur kom með tillögu að farið verður í lið 16. og var það samþykkt.

16. Stefnumótun/langtímaáætlun.

Árni Árnason kynnti stefnumótunarvinnu og skipti fundarmönnum upp í hópa.

Fundi frestað 12:02

Fundastjóri heldur áfram fundi yfir hádegismat.

Formleg setning landsþings fór fram og bað fundarstjóri forseta JCI Keilis og JCI Esju að setja landsþingið og leiddi forseti JCI Esju fundarmenn í flutningi einkunnarorða hreyfingarinnar.

Loftur hvatti sér hljóðs og afhenti landsforsetaviðurkenningar.

Hrólfur Sigurðsson fékk viðurkenningu fyrir störf sem Evrópuþingsfararstjóri.

Anna María Bjarnadóttir fékk viðurkenningu fyrir starf að TOYP.

Guðlaug Birna Björnsdóttir fékk viðurkenningu fyrir störf sem formaður landsþingsnefndar.

Fundi haldið áfram kl 13:01

2. Þingfundur

9. Kosning landsforseta.

Landsforseti JCI kvaddi sér hljóðs og afhenti Ragnari F. Valssyni landsforsetaviðurkenningu.

Þingfundur settur kl 14:15

Karl Einarsson lögsögumaður kannaði atkvæðamagn í sal og voru 17 atkvæði.

Birgit Raschhofer lagði til að eingöngu yrði greitt atkvæði með lófataki þar sem eingöngu væri einn í framboði í hvert embætti. Kannað fundarstjóri hvort einhver væri því andvígur, var einn andvígur og því var kosið skriflega.

Í framboði var Árni Árnason til landsforseta.

10. Kosning varalandsforseta, landsgjaldkera og landsritara.

Til landsritara: Tryggvi Freyr Elínarson, JCI Keilir

Til landsgjaldkera: Jóhann Guðvarðarson, JCI Esja

Liðum 10 og 11 var fresta vegna þess að ekki höfðu borist framboð í varalandsforseta eða viðtakandi landsforseta.

Réttkjörnir eru Árni Árnason til landsforseta, Tryggvi Freyr Elínarson til landsritara, Jóhann

Guðvarðarson til landsgjaldkera,

Kjörnefnd skipuðu: formaður Tómas Hafliðason, Aðalbjörg Katrín Arnórsdóttir og Guðlaugur Lárus Finnbogason.

3. Þingfundur

11. Ákvörðun um félagsgjald til Junior Chamber International Ísland.

Jóhann Guðvarðarson, nýkjörinn landsgjaldkeri, lagði fram þá tillögu að félagsgjöld og skráningargjöld

til JCI Íslands yrðu óbreytt 10.000 kr. fyrir almenna féлага og 5.000 kr. fyrir nýliða.

Lagt var til að gengið yrði til atkvæða. Gengið var til atkvæða og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

12 Tilnefningar til starfa á vegum landsstjórnar.

Opnað var fyrir tilnefningar. Engar tilnefningar bárust.

13. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.

Stungið var upp á Karli Einarssyni og Hulda Sigfúsdóttir og var það staðfest með klappi. Stungið

var upp á Hrólfí Sigurðssyni og Tómasi Hafliðasyni til vara, var það einnig stutt með klappi.

14. Kosning í tveggja manna í stjórn framfarasjóðs til tveggja ára

Guðlaug Birna Björnsdóttir lét vita að hún hygðist á framboð til forseta aðildarfélags og óskaði því ekki eftir að starfa lengur í stjórninni.

Ragnar F. Valsson gerði grein fyrir stöðu sjóðsins og áhrifum hrunsins á sjóðinn.

Kjörnir voru í stjórn sjóðsins

Tómas Hafliðason til eins árs.

Kjartan Hansson til tveggja ára.

Ragnar F. Valsson til tveggja ára.

16. Stefnumótun og langtíma áætlun.

Árni Arnason, sýndi myndband frá stefnumótunarfundi. Í kjölfarið var skipt í hópa og unnið að stefnumótun.

17. Ákvörðun um næsta þing.

Árni Arnason kynnti landsþing í Keflavík fyrir hönd JCI GK. Lagði hann til sömu verð og fyrir núverandi þing eða 29.900 kr. fyrir fullan þingpakka. Lagði hann einnig til að þema þingsins yrði: JCI í 50 ár.

Var tillagan samþykkt með lófaklappi.

18. Önnur mál

Arna Björk Gunnarsdóttir, þingforseti, bar þinginu kveðju frá Erni Sigurðssyni.

Karl Einarsson, lögsögumaður, leitaði leyfi til að eyða kjörgögnunum. Samþykkti fundur þetta með öllum greiddum atkvæðum. Tómas Hafliðason lagði til að verðlaunaumsóknir verða birtar opinberlega á netinu.

Tryggvi Freyr Elínarson kynnti JCI peninga fyrir kvöldið.

Svala Stefánsdóttir bauð gesti velkomna í sína sýslu.

Árni viðtakandi landsforseti, sagði frá ferð sinni til Japan og frá íslensku akademíunni.

Helgi Guðmundsson, varalandsforseti, minnti á kvæðakútinn.

Ragnar F. Valsson kom með hinn hefðbundna þynnudrykk fyrri landsritara.

Loftur Már Sigurðsson, landsforseti, þakkaði öflugt starf og ræddi um verðlauna umsóknir.

Arna lagði til að þingfundi væri frestað til laugardagsins 7. nóv og óskaði eftir að samþykki fundarins

var það veitt.

Þingfundi frestað fram á landsforsetakokteil

Fundur settur 19:00

Loftur Már Sigurðsson landsforseti hvatti sér hljóðs og afhenti verðlaun fyrir starfsárið 2008-2009.

Heimasíða ársins: JCI GK

Aðildarfélag ársins: JCI Esja

Forseti ársins: Kjartan Hansson JCI Esju

Stjórnarmaður ársins: Hrólfur Sigurðsson JCI GK

Nýliði ársins: Kristjana Magnúsdóttir JCI Esju

Senator ársins: Þór Sigurþórsson JCI GK

Félagi ársins: Ingólfur Pétursson JCI Reykjavík

Mike Aston: Anna María Bjarnadóttir JCI Reykjavík

Landsþingsþátttaka: JCI Esja

Kvæðakútur: Tómas Hafliðason JCI Esju

Ræðumaður ársins: Kjartan Hansson JCI Esju

fundi slitið 19:32

Fundur settur aftur 27. september kl 13:04 Opnun liða 10.

10. Kosning varalandsforseta, landsgjaldkera og landsritara.

Framboð bárust í embætti varalandsforseta og var því liðurinn opnaður að nýju.

Arna Björk Gunnarsdóttir JCI Esju og Þorsteinn Jónsson JCI Reykjavík buðu sig fram til aralandsforseta.

Loftur sett fundinn og bað Karl Einarsson að koma í pontu og tók hann við fundarstjórn. Fyrir liggur tillaga um að klára kosningu um landstjórn.

Flutt var tillaga um að halda áfram þingfundi og var það stutt. Farið var yfir atkvæðavægi sem eru 15 atkvæði í salnum.

Til varalandsforseta bjóða sig fram Arna Björk Gunnarsdóttir JCI Esja og Þorsteinn Gunnar Jónsson úr JCI Reykjavík.

Stungið var upp á að kosið yrði með lófataki en það voru tveir andvígir þannig það verður skrifleg atkvæðagreiðsla.

Loftur Mór Sigurðsson kvaddi sér hljóð og afhenti Örnunni JCI Esju staðfestingu um að hafa verið þingforseti og að Hrólfrur Sigurðsson sem fundarritari.

Atkvæðagreiðsla fór fram og hlaut Arna og Þorsteinn kosningu sem varalandsforsetar JCI Íslands. Árni Árnason tók til máls og bað viðtakandi landsstjórn að koma upp í heild sinni.

20. Þingslit.

Karl Einarsson sleit landsþinginu 13:17

Staðfesting á ritun fundargerðar Landsþings JCI Íslands